SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Stöðvarhrepps nr. 548/1987.

1. gr.

56. gr. B. liður orðist svo:

Til fjögurra ára: Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum.

1. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undir nefndina heyri áfengisvarnir sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969, barnavernd sbr. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, félagshjálp, fjárhagsaðstoð og öldrunarmál sbr. lög nr. 82/1989 um málefni aldraðra, málefni fatlaðra sbr. lög nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, öll með síðari breytingum.

2. *Byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Verði stofnuð svæðisbyggingarnefnd kýs hreppsnefnd einn aðalmann og einn varamann í hana eða á annan hátt eftir samkomulagi aðildarhreppa.

3. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.

4. *Heilbrigðisnefnd.* Einn fulltrúi og annar til vara í nefndina í Fáskrúðsfjarðarlæknishéraði skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

5. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

6. *Fræðslumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undir nefndina heyri málefni grunnskóla sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla með síðari breytingum, málefni tónlistarskóla sbr. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla með síðari breytingum og málefni leikskóla sbr. lög nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn með síðari breytingum.

7. *Stjórn heilsugæslustöðvar Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, sbr. 6. gr. laga nr. 87/1989.

8. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 56. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. f. lið 3. gr. laga nr. 70/1990 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

9. Tveir *forðagæslumenn* og jafnmargir til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.

10. Tilnefning eins *úttektarmanns* og tveggja til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976. (Hreppstjóri sjálfkjörinn).

11. *Umhverfis- og umferðarmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undir nefndina heyri umhverfismál, landgræðsla, skógrækt, sorphreinsunar- og heilbrigðismál og umferðarmál sbr. umferðarlög. Einn aðalmaður og einn varamaður nefndarinnar eru jafnframt fulltrúar sveitarfélagsins í heilbrigðisnefnd Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs, sbr. 4. tölulið þessarar greinar.

2. gr.

57. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum eða samkvæmt ákvæðum um verksvið, sem út skulu gefin í skipunarbréfi til þeirra. Umboð til starfa fellur niður í lok hvers kjörtímabils sveitarstjórnar og fyrr ef verkefni er lokið.

Við ákvörðun um skipan starfsnefnda skal skýrt afmarkað nafn þeirra, verksvið og fjöldi nefndarmanna. Þær nefndir sem gert er ráð fyrir að kjósa eru:

1. *Menningarmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undir nefndina heyri málefni bókasafns, söguritun, félagsheimili og önnur menningarmál er til hennar kann að verða vísað.

2. *Fjárhags- og allsherjarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana í samvinnu við sveitarstjóra og fjallar um þau mál önnur, sem sveitarstjórn kann að vísa til hennar.

3. *Atvinnumálanefnd.* Fimm fulltrúar. Nefndin skal fylgjast með atvinnulífi byggðarlagsins og gera úttekt á stöðu þess ár hvert. Hún leitar upplýsinga og gerir tillögur til eflingar og fjölbreytni í atvinnulífi og hvetur einstaklinga og félög til virkrar þátttöku.

3. gr.

Samþykkt þessi er gerð af hreppsnefnd Stöðvarhrepps og staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20.september 1990.

F.h.r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Ellý Guðmundsdóttir.